

**G J A L D S K R Á**

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

149

16. febr.

**I. RAFORKA**

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.55 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 66 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

**C. Vélanoetkun.**

1. Um kwst.mæli 96 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 180.00 til kr. 210.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum 60 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlíð skal selja raforku á neytluvatnsdælur.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 29 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á kr. 300.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 12 aura á hverja notaða kwst.
5. Um kwst.mæli á kr. 480.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, og auk þess á 12 aura á hverja notaða kwst.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

149

## E. Önnur raforkusala.

16. febr.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 42 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérsmæli, og suðutækin fasttengd.
2. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 18 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvgjaldmæli á 18 aura hver kwst., á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 96 aura hver kwst., frá kl. 8.30 til 22.
3. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 96 aura hver kwst.
4. Til götu og hafnarlýsingar á 96 aura hver kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald á lýsingarkerfinu.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |     |                |
|--|-----|----------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....      | kr. | 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....    | —   | 3.00 — —       |
| 3. — þrífasa mælum 50 amp. til 200 amp. .... | —   | 7.00 — —       |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....        | —   | 10.00 — —      |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Frá kr.	<i>Brunabótamat:</i>	<i>Jarðlina:</i>	<i>Loftlina:</i>
	0 til 25 000 .....	kr. 1050.00	kr. 670.00
— —	25 000 — 30 000 .....	— 1170.00	— 800.00
— —	30 000 — 40 000 .....	— 1320.00	— 900.00
— —	40 000 — 50 000 .....	— 1470.00	— 960.00
— —	50 000 — 60 000 .....	— 1590.00	— 1020.00
— —	60 000 — 70 000 .....	— 1670.00	— 1090.00
— —	70 000 — 80 000 .....	— 1740.00	— 1160.00
— —	80 000 — 90 000 .....	— 1810.00	— 1220.00
— —	90 000 — 100 000 .....	— 1880.00	— 1290.00
— —	100 000 — 125 000 .....	— 1950.00	— 1350.00
— —	125 000 — 150 000 .....	— 2100.00	— 1500.00
— —	150 000 — 175 000 .....	— 2250.00	— 1650.00
— —	175 000 og yfir .....	— 2400.00	— 1800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsöfnun er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftir-

stöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brúnabótamat hússins hefur verið framkvæmt. 149  
16. febr.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 255 20. nóv. 1950.

*Atvinnumálaráðuneytið, 16. febrúar 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

#### AUGLÝSING

150  
29. maí

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948.

##### 1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Söluturnum, sem fengið hafa sérstakt leyfi bæjarráðs, má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, bréfsefna, sælgætis í umbúðum, gosdrykkja og tóbaksvara, sem hér segir:

Á virkum dögum frá kl. 8 til 23.30.

Á helgidögum, eingöngu til blaðasölu, frá kl. 8 til kl. 11 og frá kl. 15 til kl. 23.30. Þó skal lokað á föstudaginn langa, páskadag, jóladag, hvítasunnudag og aðfangadag jóla eins og venjulegum sölubúðum.

Bæjarráð getur bundið leyfi samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, og ákveðið árlegt gjald í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi.

##### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi,